

BOÐUN TIL AÐALFUNDAR Í CRI HF.

Aðalfundur í CRI hf., kt. 530306-0540, verður haldinn mánudaginn þann 29. apríl 2024 kl. 14:00. Fundurinn fer fram í Hannesarholti, Grundarstíg 10, 101 Reykjavík. Einnig verður fundinum streymt á Zoom og geta hluthafar sem ekki sækja fundinn fylgst með honum þar.

Á dagskrá fundarins eru eftirtalin mál:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur félagsins á síðasta reikningsári og hag þess í árslok.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Ákvörðun um hvernig skal fara með hagnað eða tap félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðendafélags fyrir félagið.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Önnur mál.

Þátttaka á fundinum

Þar sem allir hlutir í félaginu eru safnskráðir hjá vörsluaðilum, eru nöfn hluthafa ekki skráð í hlutaskrá félagsins, heldur nöfn þeirra vörsluaðila sem hafa safnskráð hlutina fyrir hönd eigenda hlutanna. Til að tryggja að hluthafar geti beitt réttindum sínum á fundinum eða greitt atkvæði bréflaga fyrir fundinn, er mikilvægt að hluthafar færi sönnur á eignarhald sitt á hlutum í félaginu samkvæmt neðangreindum leiðbeiningum.

Til að taka þátt í fundinum, skal hluthafi eigi síðar en miðvikudaginn þann 24. apríl 2024 senda tölvupóst á netfangið gm@cri.is, ásamt fullnægjandi staðfestingu á eignarhlut sínum frá þeirri fjármálastofnun sem er með hlutabréfin í vörslu. Staðfestingin þarf að bera með sér hvaða dag hún er gefin út, nafn, kennitölu og heimilisfang hluthafa og fjölda hluta í CRI hf. í eigu hluthafa. Hluthafar eru hvattir til að afla staðfestingar frá vörsluaðila sínum sem fyrst og eigi síðar en þann 24. apríl 2024.

Félagið hefur falið LEX lögmannstofu að fara yfir gögn frá hluthöfum um staðfestingu á eignarhaldi hlutafjár, hægt er að beina spurningum sem kunna að vakna um það beint til LEX í gegnum netfangið gm@cri.is. Þegar félagið hefur yfirfarið ofangreindar upplýsingar frá hluthafa og telur hluthafa hafa fært fullnægjandi sönnur á eign sína á hlutum í félaginu, fær hluthafi senda staðfestingu þess efnis frá félaginu, sem veitir hluthafa rétt til aðgangs á fundinn og til að greiða atkvæði.

Aðeins þeir sem eru hluthafar í félaginu á aðalfundardegi geta mætt á fundinn og greitt atkvæði. Atkvæðisréttur á fundinum mun byggjast á staðfestingum vörsluaðila á eignarhaldi hluthafa á hlutum í félaginu. Framselji hluthafi hluti sína í félaginu á tímabilinu frá því að staðfesting

vörsluaðila á eignarhaldi þeirra á hlutum hefur verið gefin út og þar til aðalfundur hefst, ber viðkomandi hluthafa að tilkynna um framsalið með tölvupósti á netfangið gm@cri.is.

Atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðslur fara fram á fundinum. Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar komi fram rökstudd krafa um slíkt frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna og að gengnum úrskurði fundarstjóra um slíkt fyrirkomulag. Þó verður kjör stjórnarmanna skriflegt ef fleiri einstaklingar eru í framboði en kjósa skal.

Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Beiðni um slíkt skal senda á félagið en ekki viðkomandi vörsluaðila hlutanna. Slík beiðni skal hafa borist félaginu á netfangið gm@cri.is eigi síðar en miðvikudaginn þann 24. apríl 2024. Viðkomandi fær þá senda atkvæðaseðla í tölvupósti ásamt hlekk á streymi fundarins á Zoom og skal senda útfyllta atkvæðaseðla á netfangið gm@cri.is eigi síðar en kl. 14:00 þann þann 29. apríl 2024, svo atkvæðin teljist gild. Komi fram breytingartillögur á fundinum verða atkvæði sem greidd hafa verið bréflega með upphaflegu tillögum meðhöndluð þannig að þau skoðast sem greidd gegn breytingartillögum á fundinum.

Streymi á Zoom

Hluthafar sem greiða atkvæði bréflega geta fylgst með fundinum í streymi á Zoom. Tekið skal fram að einungis er um að ræða vefstreymi og hluthafar geta ekki tekið þátt í fundarstörfum í gegnum Zoom. Ekki er um að ræða rafræna þátttöku í skilningi 80. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og því geta hluthafar sem eru á Zoom ekki greitt atkvæði á fundinum heldur verða að gera það bréflega fyrir fundinn með því að senda atkvæði sín á netfangið gm@cri.is.

Aðrar upplýsingar

Fundarstörf fara fram á ensku.

Samkvæmt samþykktum félagsins er hluthafafundur lögmætur ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem ráða yfir helmingi hlutafjár í félaginu hið minnsta. Atkvæði greidd bréflega fyrir fundinn, teljast með í útreikningi á fjárhæð hlutafjár sem mætt er fyrir á fundinum.

Vakin er athygli á að samkvæmt 63. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skal tilkynna skriflega skemmst fimm dögum fyrir fundinn um framboð til stjórnar. Tilkynningar um framboð til stjórnar skulu berast stjórn með skriflegum hætti á netfangið gm@cri.is eigi síðar en kl. 14.00 þann 24. apríl 2024. Upplýsingar um þá sem eru í framboði til stjórnar verða tilkynnt á [vefsvæði](http://www.carbonrecycling.is/investors) CRI (www.carbonrecycling.is/investors).

Hluthöfum sem hafa skráð sig á fundinn er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal framvísa frumriti umboðs. Sniðmát að umboði fylgir fundarboði þessu.

Fundarboði þessu fylgja tillögur stjórnar fyrir fundinn. Endanleg dagskrá og tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum tveimur vikum fyrir fund á [vefsvæði](http://www.carbonrecycling.is/investors) CRI (www.carbonrecycling.is/investors).



Reykjavík, 3. apríl 2024

Stjórn CRI hf.

TILLÖGUR STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR CRI HF. 2024 ÁSAMT SKÝRINGUM VIÐ EINSTAKA DAGSKRÁRLIÐI

1. Skýrsla stjórnar um rekstur félagsins á síðasta reikningsári og hag þess í árslok.

Sigurlína Ingvarsdóttir, formaður stjórnar, mun greina frá skýrslu stjórnar um starfsemi þess á síðasta reikningsári. Björk Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar og fjármálasviðs, mun greina frá fjárhagsstöðu félagsins í árslok 2023 og Lotte Rosenberg, forstjóri, mun greina frá framtíðarsýn stjórnenda félagsins.

2. Staðfesting ársreiknings félagsins og samstæðureiknings fyrir síðastliðð reikningsár.

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins og samstæðureikningur vegna ársins 2023 verði samþykktur.

3. Ákvörðun um hvernig skal fara með hagnað eða tap félagsins á síðastliðnu reikningsári.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður.

4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Stjórn félagsins leggur til að greiðslur til stjórnarmanna vegna ársins 2024 verði eftirfarandi:

Stjórnarformaður	kr. 730.000 á mánuði.
Varaformaður	kr. 550.000 á mánuði.
Aðrir stjórnarmenn	kr. 365.000 á mánuði.
Varamenn	kr. 25.000 per klst.
Nefndarstörf	kr. 25.000 per klst.

5. Kosning stjórnar félagsins.

Samkvæmt 16. gr. samþykpta félagsins skulu vera fimm stjórnarmenn og allt að tveir varamenn í stjórn. Stjórn leggur til að fimm stjórnarmenn og tveir varamenn verði kjörnir í stjórn félagsins.

6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðendafélags fyrir félagið.

Stjórn félagsins leggur til að KPMG ehf. verði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

7. Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins.

Stjórn leggur til að hluthafafundur samþykki starfskjarastefnu fyrir félagið í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög. Á [vefsvæði](http://www.carbonrecycling.is/investors) CRI (www.carbonrecycling.is/investors), er að finna tillögu stjórnar að starfskjarastefnu fyrir félagið sem hluthafar geta kynnt sér.